

**Skýrsla til menntamálaráðherra
um störf Íslenskrar málnefndar 2006 – 2010**

1. Inngangur

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, skipaði Íslenska málnefnd 1. nóvember 2006 og skyldi hún starfa til 31. október 2010. Þegar í upphafi starfsins skipti nefndin með sér verkum, setti sér markmið fyrir árin fjögur, sem féllu að lögum um starfsemi hennar, og ákvað að gera upp starfið í lok tímabilsins með skýrslu til menntamálaráðherra. Hið sama gerði Íslensk málnefnd í lok síðasta tímabils, sbr. skýrslu dags. 19. desember 2005. Í því sem á eftir fylgir verður gerð grein fyrir því helsta sem nefndin fékkst við á starfstíma sínum en í lokin er kafla um framtíðarsýn Íslenskrar málnefndar.

2. Lagagrein um Íslenska málnefnd

Um Íslenska málnefnd giltu lög nr. 2 frá 1990 með síðari breytingum fram til 1. september 2006 að þau voru felld úr gildi. Um Málnefndina er nú fjallað í 9. grein laga nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Menntamálaráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti 15 menn. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í nefndina: háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, hugvísindadeild Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, orðanefndir og Hagþenkir. Menntamálaráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa Íslenskrar málnefndar.

3. Skipun í Íslenska málnefnd og stjórn nefndarinnar

Íslensk málnefnd var þannig skipuð tímabilið 1. nóvember 2006 til 31. október 2010:

- Guðrún Kvaran formaður, skipuð án tilnefningar, varamaður Svanhildur Óskarsdóttir
- Þórarinn Eldjárn varaformaður, skipaður án tilnefningar, varamaður Þórunn Blöndal
- Sigríður Sigurjónsdóttir tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, varamaður Eiríkur Rögnvaldsson
- Brynhildur Þórarinsdóttir tilnefnd af Háskólanum á Akureyri, varamaður Sigurður Kristinsson
- Þorlákur Karlsson tilnefndur af Háskólanum í Reykjavík, varamaður Anna Bragadóttir
- Úlfhildur Dagsdóttir tilnefnd af Listaháskóla Íslands, varamaður Sigurjón B. Sigurðsson
- Sigurður Konráðsson tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands, varamaður Anna S. Þráinsdóttir
- Haraldur Bernharðsson tilnefndur af hugvísindadeild Háskóla Íslands, varamaður Þóra Björk Hjartardóttir
- Gunnar Stefánsson tilnefndur af Ríkisútvarpinu, varamaður Valgerður Anna Jóhannsdóttir
- Jóhann G. Jóhannsson tilnefndur af Þjóðleikhúsinu, varamaður Melkorka Tekla Ólafsdóttir
- Sæmundur Helgason tilnefndur af Samtökum móðurmálskennara, varamaður Svanhildur Kr. Sverrisdóttir
- Ingibjörg Haraldsdóttir tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands, varamaður Sigurður Pálsson
- Steinunn Stefánsdóttir tilnefnd af Blaðamannafélagi Íslands, varamaður Sigurður G. Tómasson
- Sigrún Helgadóttir tilnefnd af orðanefndum, varamaður Sigurður Jónsson frá Arnarvatni
- Veturliði Óskarsson tilnefndur af Hagþenki, varamaður Katrín Jakobsdóttir

Stjórn Íslenskrar málnefndar var þannig skipuð:

Guðrún Kvaran formaður, Þórarinn Eldjárn varaformaður, tilnefnd af menntamálaráðherra, Haraldur Bernharðsson, Sigurður Konráðsson og Steinunn Stefánsdóttir. Haraldur, Sigurður og Steinunn voru kjörin í stjórn á fundi Íslenskrar málnefndar 19. desember 2009. Varamenn þeirra voru: Sigrún Helgadóttir, varamaður Haralds, Ingibjörg Haraldsdóttir varamaður Steinunnar og Sigríður

Sigurjónsdóttir, varamaður Sigurðar. Sigurður var í leyfi frá 1. ágúst 2007 og til 31. júlí 2008 og tók varamaður hans, Sigríður Sigurjónsdóttir, sæti í nefndinni á meðan.

Tengiliður Íslenskrar málnefndar í menntamálaráðuneytinu (síðar mennta- og menningarmálaráðuneytinu) var Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir.

4. Fundir

4.1 Fundir í Íslenskri málnefnd

2006: Á fyrsta fundi nýskipaðrar Íslenskrar málnefndar 19. desember var rætt um breytingar á verkefnum Málnefndarinnar og kosið í stjórn til næstu fjögurra ára. Kosin voru Haraldur Bernharðsson, Sigurður Konráðsson og Steinunn Stefánsdóttir.

2007: Fundur var haldinn 31. maí. Fjallað var um stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2006–2010, hugmyndir um íslenska málstefnu, Stóru upplestrarkeppnina og kynntur var undirbúningur að ljóðasamkeppni.

2008: 19. janúar var haldinn fundur með Málnefndinni og vinnuhópunum sem settir höfðu verið á laggirnar í tengslum við vinnu við íslenska málstefnu (sjá síðar). Hóparnir kynntu skýrslur sínar og góðar umræður urðu um framhaldið. Annar fundur var haldinn 16. október. Meginefni hans voru tillögur stjórnar að íslenskri málstefnu en stefnt var að því að kynna drögin á málræktarþingi 16. nóvember.

2009: Enginn fundur var haldinn þetta ár.

2010: Fundur var haldinn 14. janúar. Rætt var um íslenska málstefnu og framkvæmd hennar. Annar fundur var haldinn 14. október. Efni hans var skýrsla stjórnar yfir starfsemi árána 2006–2010, ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu tungunnar og tillögur vinnuhóps um íslenska stafsetningu.

4.2 Stjórnarfundir

Stjórn Íslenskrar málnefndar hélt reglulega tíu fundi á ári en allnokkra aukafundi árið 2007 vegna vinnu við íslenska málstefnu. Engir fundir voru haldnir í júlí og ágúst en erindum var svarað eftir þörfum. Fastur fundardagur var annar þriðjudagur í mánuði, með örfáum undantekningum, og var að jafnaði fundað frá 14.30 til 17. Verkefni stjórnar voru margvísleg og verður vikið að þeim síðar í skýrslunni.

Starfsmenn á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum rituðu fundargerðir sem sendar voru allri Málnefndinni en að auki til forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Áslaugar Dóru Eyjólfsdóttur, tengiliðs Málnefndarinnar í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Kári Kaaber á málræktarsviðinu hefur skráð bréf til Málnefndarinnar og frá henni og heldur utan um gögn nefndarinnar.

4.3. Kostnaður vegna funda Málnefndarinnar

Stjórnarmenn fengu fasta mánaðarlega þóknun fyrir setu í stjórninni. Nefndarmenn, aðrir en stjórn, fengu áður fyrr fasta þóknun fyrir að mæta á fundi Málnefndarinnar en ekki var greitt fyrir fundarsókn á þessu starfstímabili vegna fjárskorts. Þó var greiddur ferðakostnaður fulltrúa Háskólans á Akureyri.

5. Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2006–2010

Íslensk málnefnd kom sér saman um stefnuskrá sem unnið skyldi eftir á starfstímabilinu. Hana má nálgast á www.islenskan.is.

5.1 Texti stefnuskrárinnar

Megináhersla í starfi nefndarinnar

Á tímum hraðvaxandi alþjóðasamskipta þar sem notkun erlendra tungumála, einkum ensku, verður æ ríkari þáttur í íslensku samfélagi er brýnt að tryggja stöðu íslenskrar tungu. Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna markvisst að því að íslenska haldi gildi sínu í þessu breytta umhverfi og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. Þau verkefni sem lýst er hér að neðan bera vott þessari megináherslu í starfi nefndarinnar.

Verkefni á starfstímabilinu 2006–2010

Stærsta einstaka verkefni Íslenskrar málnefndar á skipunartímanum er mótun íslenskrar málstefnu í samræmi við lögbundið hlutverk nefndarinnar. Skipaðir verða vinnuhópar um einstaka þætti þeirrar vinnu og er stefnt að því að drög að íslenskri málstefnu liggi fyrir í árslok 2008. Birt verður ályktun um stöðu íslenskrar tungu árlega á degi íslenskrar tungu. Auk þess hyggst nefndin starfa að eftirtöldum verkefnum:

(1) **Íslenska verði lögfest sem opinbert tungumál á Íslandi.** Íslensk málnefnd telur brýnt að réttarstaða íslenskrar tungu í íslensku samfélagi verði tryggð í stjórnarskrá. Íslenska er í reynd opinbert mál í íslensku samfélagi án þess að kveðið sé skýrt á um það í lögum. Tungunni hefur ekki stafað umtalsverð hættu af veikri lagalegri stöðu hingað til en aðstæður geta breyst hratt. Í ljósi hratt vaxandi alþjóðasamskipta og aukinnar notkunar erlendra tungumála á Íslandi telur Íslensk málnefnd nauðsynlegt að íslenska verði lögfest sem opinbert tungumál á Íslandi (jafnframt íslensku táknmáli, sbr. næsta lið).

Lögð var fram þingsályktunartillaga á Alþingi árið 2003 (130. löggjafarþing 2003– 2004, þskj. 517, 387. mál; flutningsmenn Mörður Árnason o.fl.) um að forsætisráðherra yrði falið að setja á fót nefnd sem athugi réttarstöðu íslensku sem þjóðtungu Íslendinga og opinbers máls á Íslandi. Alþingi vísaði þessari tillögu til ríkisstjórnar vorið 2004 en ríkisstjórn hefur ekki enn tekið neina ákvörðun um meðferð málsins (133. löggjafarþing 2006–2007, þskj. 276, 267. mál: fyrirspurn til menntamálaráðherra um réttarstöðu íslenskrar tungu og stöðu annarra tungumála í löggjöf og stjórnkerfi). Íslensk málnefnd styður áðurnefnda þingsályktunartillögu og mun óska eftir því formlega við ráðamenn að sett verði á fót nefnd til að vinna að framgangi þessa máls.

(2) **Réttarstaða íslenska tákn málsins verði tryggð í lögum.** Íslensk málnefnd telur brýnt að réttarstaða íslenska tákn málsins verði tryggð og það verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, jafnrétt hátt íslensku. Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um íslenska tákn málið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra (133. löggjafarþing 2006–2007, þskj. 938, 630. mál; flutningsmenn Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og fleiri; áður lagt fram á bæði 130. og 131. löggjafarþingi.) Íslensk málnefnd styður baráttu heyrnarlausra fyrir framgangi þessa máls.

(3) **Um íslensku sem móðurmál.** Íslensk málnefnd telur mikilvægt að hvergi verði gefið eftir í kennslu íslensku sem móðurmáls í skólum, allt frá leikskóla í framhaldsskóla. Hér gegna kennarar á öllum skólastigum lykilhlutverki. Menntun þeirra þarf að vera í samræmi við áherslur og kröfur skólanna. Mikilvægt er því að standa vörð um móðurmálsþáttinn í kennaranáminu. Í leikskólum eru börn á máltökualdri og leikskólakennarar þurfa að vera færir um að örva málþroska á markvissan hátt og vera góðar málfrirmyndir. Efla þarf kennslu í íslensku í grunnskóla og færa til samræmis við það sem er í nágrannalöndum þar sem hlutdeild móðurmálsins er stærri en í íslenskum grunnskólum. Grunnskólakennarar þurfa að hafa víðtæka þekkingu á íslensku máli, rituðu og mæltu. Slík þekking ætti að vera sjálfsagður þáttur í kennaranámi svo að tryggt sé að kennarar öðlist færni í að beita máli í samskiptum við foreldra og nemendur. Í framhaldsskóla er sérhæfing meiri en á leikskóla- og grunnskólastigi en íslenskt mál er engu að síður afar mikilvægt. Einnig er brýnt að háskólanemar séu færir um að tjá sig í ræðu og riti á íslensku. Íslensk málnefnd hyggst beita sér fyrir eflingu íslenskukennslu á öllum skólastigum og fylgjast grannt með námskrárvinnu.

(4) **Íslenskukennsla fyrir útlendinga verði eflað.** Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað mjög á Íslandi undanfarin ár. Mikilvægt er að því standi til boða vönduð íslenskukennsla. Sú kennsla þarf að vera aðgengileg og ódýr ellegar ókeypis og eftirsóknarverð fyrir útlendinga hér á landi. Æskilegt er að

vinnuveitendur bjóði erlendum starfsmönnum sínum að stunda nám í íslensku í vinnutíma. Jafnframt er nauðsynlegt að efla kennaramenntun þannig að tryggt sé að jafnan sé kostur á hæfum kennurum sem hlotið hafa sérmenntun til að kenna íslensku sem annað mál.

(5) **Íslensk tungutækni.** Upplýsingatækni verður æ mikilvægari þáttur í daglegu lífi Íslendinga og er afar brýnt að þeir geti notað móðurmálið á þeim vettvangi. Til að mynda er áriðandi að ýmiss konar grundvallarhugbúnaður (til dæmis stýrikerfi, ritvinnsluforrit, póstforrit og vafrar) verði fáanlegur með íslensku notendaviðmóti og að í algengum ritvinnsluforritum verði hjálparbúnaður fyrir íslensku, svo sem forrit sem leiðréttu stafsetningu, málfar og skipta orðum rétt á milli lína. Þá hafa einnig orðið örar framfarir í vélrænum þýðingum á undanförunum árum og er því nauðsynlegt að íslenska verði hluti af þeirri þróun. Til þess að staða íslenskrar tungu í upplýsingatækni sé tryggð þarf að eiga sér stað kröftugt rannsóknar-, þróunar- og uppbyggingarstarf í íslenskri tungutækni. Íslensk málnefnd hyggst styðja það starf eins og kostur er.

(6) **Málfarsráðgjöf eflid og stofnað til símenntunarnámskeiða.** Þær stéttir sem vinna mest með íslenskt mál á opinberum vettvangi, einkum fjölmiðlafólk og auglýsingasmiðir, þurfa að eiga kost á vandaðri málfarsráðgjöf og símenntun um íslenskt mál og málnotkun. Hið sama gildir um kennara á öllum skólastigum en ábyrgð þeirra er mikil í máluppeldi barna. Íslensk málnefnd hyggst beita sér fyrir samstarfi viðeigandi stéttarfélaganna og háskólastofnana á sviði íslenskra fræða um endurmenntunarnámskeið. Enn fremur mun nefndin kanna möguleika á að verðlauna þá fjölmiðlamenn og auglýsingasmiði sem þykja skara fram úr í meðferð íslensks máls. Markmiðið er að koma af stað hugarfarsbreytingu þannig að fjölmiðlamenn og auglýsingasmiðir beri sjálfir ábyrgð á meðferð íslensks máls en velti ábyrgðinni ekki yfir á málfarsráðunauta eða prófarkalesara. Færni fjölmiðlamanna í meðferð íslensks máls er ekki síst mikilvæg á vefmiðlum þar sem fréttir eru iðulega unnar hratt og ráðrúm til yfirlestrar lítið.

(7) **Staða íslenskrar tungu í fræðasamfélaginu treyst.** Í heimi fræða og vísinda eru þau skrif mest metin sem birtast í alþjóðlegum, ritrýndum fræðitímaritum og þar fást ekki birtar fræðigreinar á íslensku. Íslenskir fræðimenn eru því undir miklum þrýstingi að fjalla um rannsóknir sínar á erlendum málum, einkum ensku. Staða íslenskrar tungu í heimi fræða og vísinda er því ekki nógu sterk. Á Íslandi eru þó gefin út á íslensku ritrýnd fræðitímarit sem gera miklar kröfur um vísindaleg gæði og nýnæmi. Nefna má að öll virtustu tímarit í íslenskum fræðum eru íslensk og að langmestu leyti rituð á íslensku. Þessi tímarit hafa alþjóðlega útbreiðslu, enda

eru íslensk fræði stunduð víða um heim. Birting fræðigreina í þessum tímaritum er engu að síður minna metin en birting í alþjóðlegum erlendum tímaritum. Íslensk málnefnd hyggst beita sér fyrir því að staða íslenskrar tungu í fræðasamfélaginu verði treyst og íslensk ritrýnd fræðitímarit verði viðurkennd til jafns við alþjóðleg ritrýnd tímarit.

(8) **Nýyrðasmíð eflid.** Virkja þarf sköpunarmátt tungumálsins með öflugri nýyrðasmíð. Íslensk málnefnd hyggst beita sér fyrir því að hlúð verði að orðanefndastarfi, meðal annars með námskeiðum í orðasmíð. Hvetja þarf grunnskólanemendur og ungt fólk til þátttöku í nýyrðasmíð með verðlaunasamkeppni.

(9) **Hvatt til aukins bóklestrar og bókmenntasköpunar.** Hvetja þarf til aukins bóklestrar og ýta undir bókmenntasköpun, einkum hjá börnum og unglingum. Það má gera til að mynda með bókmenntaþingi og ljóðasamkeppni í grunnskólum.

(10) **Staða íslensku við hlið ensku verði tryggð.** Enska á víða rétt á sér í íslensku samfélagi, til að mynda í efni sem ætlað er erlendum ferðamönnum jafnt sem Íslendingum. Brýnt er að enskan ryðji þar ekki íslenskunni á brott. Ekki getur, svo dæmi sé tekið, talist eðlilegt að hátíðir eða samkomur haldnar hér á landi beri einungis ensk heiti, enda þótt þær séu öðrum þræði ætlaðar erlendum ferðamönnum. Íslensk málnefnd hyggst beita sér fyrir því að íslenska missi ekki sinn sess við hlið ensku í slíkum tilvikum.

(11) **Athygli vakin á því sem vel er gert.** Íslensk málnefnd mun á skipunartímanum vekja athygli á vandaðri og snjallri málnotkun þegar tilefni gefast.

(12) **Endurskoðun auglýsinga um stafsetningu og greinarmerkjasetningu.** Í gildi eru auglýsingar menntamálaráðuneytisins nr. 132/1974 og 261/1977 um íslenska stafsetningu og auglýsingar nr. 133/1974 og 184/1974 um greinarmerkjasetningu. Tímabært er að taka þessar auglýsingar til endurskoðunar, ekki síst með tilliti til framsetningar, og mun Íslensk málnefnd beita sér fyrir því.

5.2 Framkvæmd stefnuskrárinnar

Íslensk málnefnd vann markvisst eftir stefnuskrá sinni og kom að öllum þeim þáttum sem valdir voru í upphafi starfstímans. Nær öll atriði stefnuskrárinnar voru valin til umfjöllunar í drögum að íslenskri málstefnu og verður nánar rætt um þau í sjöunda kafla. Að öðrum verður komið í sjötta kafla.

6. Lögbundin verkefni Íslenskrar málnefndar

Eins og fram kom í öðrum kafla hefur Íslensk málnefnd lögbundin hlutverk. Þau verða talin upp hér á eftir og grein gerð fyrir því hvernig nefndin sinnti skyldum sínum.

6.1 Ráðgjöf

Fyrir breytingu laga um Íslenska málnefnd 2006 svaraði hún margvíslegum spurningum frá almenningi og opinberum aðilum um málfarsleg efni. Nú sér málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um þennan þátt málræktar.

Íslensk málnefnd fékk nokkur frumvörp til umsagnar sem varða íslenska tungu. Árið 2007 gerði hún athugasemdir við frumvarp til laga um mannanöfn. Það varðaði tillögu um afnám mannanafnanefndar. Þrjú lagafrumvörp bárust nefndinni 2008 sem vörðuðu skólastarf á öllum skólastigum sem og frumvarp til laga um menntun og ráðningu skólastjóra. Sama ár tjáði Málnefndin sig einnig um þingsályktunartillögu um prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson. Árið 2009 gerði Málnefndin athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum og svaraði beiðni um athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um íslenska málstefnu. Þá svaraði Málnefndin beiðni forsætisráðuneytisins um umsögn um „Drög að nýjum norrænum tungumálasamningi“. Árið 2010 gerði nefndin athugasemdir við frumvarp til laga um fjölmiðla.

6.2 Íslensk málstefna

Vinna við drög að íslenskri málstefnu var umfangsmesta verk Íslenskrar málnefndar á starfstímanum. Um málstefnuna verður því fjallað í sérstökum kafla, sjöunda kafla.

6.3 Ályktun um stöðu tungunnar

Íslenskri málnefnd er ætlað að birta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Í samráði við fyrrverandi ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis, Guðmund Árnason, var ákveðið að vel færi á því að ályktunin yrði kynnt í tengslum við málræktarþing og dag íslenskrar tungu. Þar sem fullskipuð Málnefnd tók ekki til starfa fyrr en í desember 2006 var engin ályktun samin fyrir það ár. Fyrsta ályktunin var birt í fjölmiðlum og kynnt á málræktarþingi 2007. Næsta ár var litið svo á, með samþykki ráðuneytisins, að kynning á drögum um íslenska málstefnu jafngilti ályktun um stöðu tungunnar og var því engin sérstök ályktun birt það ár. Næsta ályktun var síðan kynnt á málræktarþingi 2009 og beindist efni hennar að íslenskukennslu í skólum.

Ályktanirnar vöktu talsverða athygli almennings og fjölmiðla. Þær má nálgast á vef Málnefndarinnar www.islenskan.is.

6.4 Ábendingar um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi

Samkvæmt lagagrein um Málnefndina getur hún átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.

Íslensk málnefnd telur mikilvægara til árangurs í málræktarstarfi að vekja athygli á því sem vel er gert fremur en að beina augum fyrst og fremst að misfellum. Hún hefur því í nokkur ár veitt viðurkenningar á málræktarþingunum. Árið 2007 voru veittar viðurkenningar fyrir íslenskunotkun í fjölmiðlum, önnur fyrir þáttinn „Orð skulu standa“ og hin fyrir sunnudagskrossgátu Morgunblaðsins. Engin viðurkenning var veitt 2008 þar sem málræktarþingið var þá haldið á degi íslenskrar tungu í samvinnu við menntamálaráðuneytið sem sjálft stendur að viðurkenningum þann dag. Árið 2009 ákvað Málnefndin að beina sjónum sínum að skólum og verkefnum þeim tengdum og veita tvær viðurkenningar. Aðra þeirra fengu *Samtök móðurmálskennara* fyrir langt og farsælt starf í þágu móðurmálskennslu. Tímarit þeirra, *Skíma*, hefur verið gefið út í 32 ár með vönduðu efni ætluðu móðurmálskennurum og öðrum þeim sem áhuga hafa á íslenskri tungu. Hina viðurkenninguna fékk Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar fyrir að vera brautryðjandi í að setja upp íslenskan hugbúnað í öllum tölvum í grunnskólum bæjarins.

Íslensk málnefnd sendi árið 2009 bréf til Páls Magnússonar útvarpsstjóra og Þórhalls Gunnarssonar dagskrárstjóra sjónvarps og benti á að það stangaðist á við íslenska málrækt og málstefnu Ríkisútvarpsins að textar í undirbúningskeppni fyrir árlega Söngvakeppni íslenskra sjónvarpsstöðva væru sungnir á ensku. Svar barst þar sem lítið var tekið undir athugasemd Málnefndarinnar. Annað bréf var því skrifað 2010 og nú til stjórnar Ríkisútvarpsins. Formaður stjórnar, Svanhildur Kaaber, svaraði bréfi nefndarinnar og voru viðbrögð stjórnarinnar þau að reynt yrði að breyta fyrirkomulaginu fyrir keppnina innanlands á næsta ári. Fram hefur komið í fjölmiðlum að sungið verði á íslensku í forkeppni næsta ár og þakkaði Málnefndin stjórn Ríkisútvarpsins fyrir veittan stuðning.

Málnefndin benti einnig á í sama bréfi að færst hefði í vöxt að senda út viðtöl við erlenda gesti í þáttum (einkum fréttabáttum) án þess að þau væru textuð. Það stangaðist á við lög og málstefnu miðilsins.

6.5 Endurskoðun auglýsinga um stafsetningu og greinarmerkjasetningu.

Íslenskri málnefnd er ætlað að semja íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum. Það er síðan mennta- og menningarmálaráðherra að gefa reglurnar út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra.

Íslensk málnefnd skipaði í október 2009 vinnuhóp til þess að fara yfir þær reglur sem eru í gildi samkvæmt auglýsingum menntamálaráðuneytisins nr. 132/1974 og 261/1977 um íslenska stafsetningu og auglýsingum nr. 133/1974 og 184/1974 um greinarmerkjasetningu. Í vinnuhópnum sátu fyrir hönd Málnefndarinnar Haraldur Bernharðsson og Steinunn Stefánsdóttir en að auki fékk Málnefndin til liðs Jóhannes Bjarna Sigtryggsson frá málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Baldur Sigurðsson, dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, og Margréti Guðmundsdóttur málfræðing. Nefndin skilaði tillögum sínum til stjórnar Íslenskrar málnefndar 17. september 2010 og voru þær kynntar á fundi nefndarinnar 14. október.

7. Íslensk málstefna

Síðla árs 2006, þegar ný Málnefnd hafði verið skipuð, var samþykkt í samráði við menntamálaráðuneytið að hefjast handa við að semja drög að íslenskri málstefnu. Málnefndin ákvað að ljúka verkinu á tveimur árum og kynna drögin á málræktarþingi 2008. Hún sótti um styrk til ráðuneytisins til vinnunnar og fékk 1 ½ milljón til ráðstöfunar. Allar áætlanir stóðust.

7.1 Vinnuhópar

Fyrsta verk nefndarinnar var að velja þau svið þjóðlífsins sem brýnast væri að fjalla um. Valdi hún ellefu svið til að vinna frekar með. Ákvað hún að nota styrk ráðuneytisins til að setja á laggirnar fimm vinnuhópa sem söfnuðu efni sem síðar yrði hægt að vinna úr. Þessir fimm vinnuhópar voru:

- Vinnuhópur um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla: Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Halldóra Björt Ewen, Ingibjörg Einarsdóttir, Sæmundur Helgason (formaður).
- Vinnuhópur um háskóla, vísindi og fræði, tungutækni og handbækur: Brynhildur Þórarinsdóttir (formaður), Finnur Friðriksson, Guðríður Ólafsdóttir og Rafn Kjartansson.
- Vinnuhópur um íslensku sem annað mál, norrænt málsamfélag og íslensku erlendis: Birna Arnbjörnsdóttir, Úlfar Bragason, Veturliði Óskarsson (formaður).
- Vinnuhópur um fjölmiðla og listir: Björn Gíslason (formaður), Ingimar Karl Helgason, Kristín Helga Gunnarsdóttir.
- Vinnuhópur um stjórnsýslu og viðskiptalíf: Dagný Jónsdóttir, Kristín Þóra Pétursdóttir, Þorlákur Karlsson (formaður).

Fljótlega kom í ljós að betra yrði að mynda sérstakan hóp um máltækni (tungutækni) og tók Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Háskóla Íslands, að sér að stýra þeim hópi. Með honum voru Hrafn Loftsson og Sigrún Helgadóttir. Vinnuhóparnir skiluðu

skýrslum til Málnefndarinnar og kynntu niðurstöður athugana sinna á málræktarþingi 2007.

7.2 Málþing um málstefnu

Þegar skýrslurnar lágu fyrir ræddi Málnefndin framhaldið og varð sammála um mikilvægi þess að breið samstaða yrði um málstefnuna í þjóðfélaginu. Ákveðið var að efna til ellefu málþinga og fá til liðs við Málnefndina samstarfsaðila sem tengdust hverju sviði í því skyni að ná til sem flestra áhugasamra. Leitað var til menntamálaráðuneytis um stuðning við hugmyndina. Hún féll þar í góðan jarðveg, ráðuneytið lagði til 400.000.- krónur og þáverandi menntamálaráðherra setti málþingaröðina á fyrsta þinginu 25. janúar 2008. Málþingin voru:

1. Lagaleg staða íslenskunnar (25. janúar).
Fyrirlesarar: Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, Mörður Árnason, fv. alþingismaður, Sigurður Línadal prófessor, Þór Vilhjálmsson, fv. hæstaréttardómari.
Fundarstjóri Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd.
2. Móðurmálskennsla. Í samvinnu við Samtök móðurmálskennara (1. febrúar).
Fyrirlesarar: Sigríður Sigurjónsdóttir, Íslenskri málnefnd, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Kennaraháskóla Íslands, Guðríður Óskarsdóttir, kennari í Setbergsskóla, Hrönn Bergþórsdóttir, kennari í Setbergsskóla, Guðlaug Guðmundsdóttir, formaður Samtaka móðurmálskennara, Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.
Fundarstjóri Ingibjörg Einarsdóttir skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
3. Málnotkun í vísindum og fræðum. Í samvinnu við Vísindafélag Íslendinga (15. febrúar).
Fyrirlesarar: Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd, Ástráður Eysteinnsson, prófessor, Sigurður Júlíus Grétarsson, prófessor, Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor, Örnólfur Thorlacius, fv. rektor Menntaskólans við Hamrahlíð.
Fundarstjóri Einar Sigurbjörnsson, prófessor og forseti Vísindafélags Íslendinga.
4. Tungutækni. Í samvinnu við TungutækniSETUR (7. mars).
Fyrirlesarar: Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor og stjórnarformaður TungutækniSETURs, Trond Trosterud, Háskólanum í Tromsø, Hjálmar Gíslason, Símanum, Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft Íslandi, Bogi Örn Emilsson, Skjali þýðingastofu.
Fundarstjóri Hrafn Loftsson, stjórnarmaður í TungutækniSETUR.

5. Íslenska í listum. Í samvinnu við Rithöfundasamband Íslands og Bandalag íslenskra listamanna (14. mars).
Fyrirlesarar: Þórarinn Eldjárn, Íslenskri málnefnd, Þórunn Erlu Valdemarsdóttir rithöfundur, Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur, Sigurður Pálsson rithöfundur. Fundarstjóri Pétur Gunnarsson, formaður Rithöfundasambands Íslands.
6. Íslenska sem annað mál. Í samvinnu við Alþjóðahúsið (28. mars).
Fyrirlesarar: Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd, Kolbrún Friðriksdóttir, aðjunkt í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands, Paul Nikolov, varaþingmaður, Tatjana Latinovic, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Þorbjörg Halldórsdóttir, verkefnastjóri og íslenskukennari hjá Mími símenntun. Fundarstjóri Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss.
7. Íslenska í fjölmiðlum. Í samvinnu við Blaðamannafélag Íslands (4. apríl).
Fyrirlesarar: Steinunn Stefánsdóttir, Íslenskri málnefnd, Svanhildur Hólm Valsdóttir, ritstjóri *Íslands í dag*, Aðalsteinn Davíðsson, málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins, Þröstur Helgason, ritstjórnarfulltrúi á *Lesbók Morgunblaðsins*, Silja Aðalsteinsdóttir, ritstjóri *Tímarits Máls og menningar*. Fundarstjóri Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands.
8. Íslenska í háskólum. Í samvinnu við Háskólann á Akureyri (11. apríl á Akureyri).
Fyrirlesarar: Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd, Magnús Diðrik Baldursson, fulltrúi rektors Háskóla Íslands, Skúli Skúlason, rektor Háskólans á Hólum, Þorlákur Karlsson, fulltrúi rektors Háskólans í Reykjavík, Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri. Fundarstjóri Elín Una Jónsdóttir íslenskufræðingur og laganemi.
9. Íslenska erlendis. Í samvinnu við Bókmenntasjóð (18. apríl).
Fyrirlesarar: Úlfar Bragason fyrir hönd Íslenskrar málnefndar, Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri í Laugalækjarskóla, Jón Gíslason, stundakennari í íslensku við Háskóla Íslands, Annette Lassen, dósent í dönsku við Háskóla Íslands, Philip Roughton þýðandi, Sigurjón Birgir Sigurðsson (Sjón) rithöfundur. Fundarstjóri Njörður Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs.
10. Íslenska í þýðingum. Í samvinnu við Bandalag þýðenda og túlka (9. maí).
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ávarpaði þingið. Fyrirlesarar: Gauti Kristmannsson, dósent í þýðingafraeði við Háskóla Íslands og formaður Bandalags þýðenda og túlka, Sabine Leskopf, verkefnisstjóri Túlka- og þýðingabjónustu Alþjóðahúss, Kristján Árnason prófessor, Rúnar Helgi

Vignisson, rithöfundur og þýðandi, Halldór Guðmundsson, rithöfundur og verkefnisstjóri.

Fundarstjóri Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd.

11. Íslenska í viðskiptalífínu. Í samvinnu við Viðskiptaráð Íslands, Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík (23. september).

Fyrirlesarar: Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd, Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík, Agnar Hansson, bankastjóri Icebank.

Fundarstjóri Þröstur Olaf Sigurjónsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Viðbrögð við þingunum voru afar góð. Þau voru öll mjög vel sótt, fjölmiðlar sýndu þeim áhuga, birtu viðtöl og dagskrár og Ríkisútvarpið tók upp erindi og umræður á allnokkrum þingum og sendi út í kvölddagskrá sinni. Segja má því að vinnan við málstefnudrögin hafi verið allvel kynnt og áhugasömum hafi gefist kostur á að kynnst því sem unnið var að og koma skoðunum sínum á framfæri. Þingin voru Málnefndinni allri og stjórninni gott veganesti fyrir lokaáfangann.

7.3 Drög að íslenskri málstefnu

Allt árið 2007 vann stjórn Málnefndarinnar að drögum að málstefnu jafnhliða því að skipuleggja málþingin. Hún skipti með sér verkum og í október 2008 var haldinn fundur í fullskipaðri Málnefnd til að ræða drögin og taka við ábendingum. Þau voru einnig send til menntamálaráðuneytisins og bárust þaðan einnig ábendingar og tillögur. Á degi íslenskrar tungu voru drögin síðan kynnt á málræktarþingi í bæklingsi sem ber heitið *Íslenska til alls. Drög að íslenskri málstefnu*. Menntamálaráðuneytið kostaði útgáfuna. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, veitti drögnum viðtöku og ávarpaði þingið.¹ Viðtökur hafa verið góðar og fjölmiðlar sýndu málinu talsverðan áhuga þegar það var kynnt.

Bæklingurinn var endurprentaður 2009 undir heitinu *Íslenska til alls. Íslensk málstefna*. Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, skrifaði formálsorð og útliti bæklingins var nokkuð breytt þótt textinn væri hinn sami.

7.4 Málstefnan í farvegi

Skömmu eftir að drögin voru kynnt mælti menntamálaráðherra fyrir eftirfarandi þingsályktunartillögu um íslenska málstefnu:

¹ Bæklinginn má nálgast á heimasíðu ráðuneytisins og á heimasíðu Íslenskrar málnefndar (www.islenskan.is).

Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Þingsályktunartillagan var samþykkt 12. mars 2009 og málinu vísað til menntamálaráðuneytis til eftirfylgni.

Fljótlega eftir að málstefnan var samþykkt á Alþingi var settur á laggirnar vinnuhópur sem gera átti tillögur um framkvæmd málstefnunnar. Hefur sá hópur starfað fram til þessa og haldið 20 fundi. Í honum sitja fyrir hönd ráðuneytisins Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir og Guðni Olgeirsson en fyrir hönd Íslenskrar málnefndar Guðrún Kvaran, Haraldur Bernharðsson og Þórarinn Eldjárn. Tók hópurinn saman lista yfir fyrstu aðgerðir og var hefur flestu á listanum verið hleypt af stað:

1. Lagt var til að nefnd yrði skipuð til að vinna að því að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmáls. Sú nefnd var skipuð 6. maí 2009 og átti að skila niðurstöðum 1. desember sama ár. Í nefndinni sátu Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Líndal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri lögfræðisviðs mennta- og menningarmálaráðuneytis. Með nefndinni starfaði jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur. Í skipunarbréfi ráðherra var mælt fyrir um að hlutverk nefndarinnar væri einkum að setja fram tillögur sem ætlað væri að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Fljótlega kom í ljós að talsverð vinna yrði framundan og mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi ef skila ætti viðunandi skýrslu. Nefndin hélt 19 fundi en auk þess unnu nefndarmenn mikla heimavinnu við skrif einstakra kafla og yfirllestur. Hún lauk störfum í maí 2010 með ítarlegri skýrslu til mennta- og menningarmálaráðherra.

2. Í *Íslensku til alls* var mælt með því að skipuð yrði nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem ynni að tillögum um málstefnu í fjölmiðlum. Menntamálaráðherra skipaði nefnd þann 30. júní 2009 sem átti að gera tillögur til ráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum. Nefndin var þannig skipuð: Ari Páll Kristinsson formaður, tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Steinunn Stefánsdóttir varaformaður, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, Sigurður G. Tómasson, tilnefndur af Blaðamannafélagi Íslands, Ásgrímur Angantýsson, tilnefndur af Félagi fréttamanna, og Elfa Ýr Gyldfadóttir, tilnefnd af menntamálaráðuneyti.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var minnt á að íslensk málstefna hefði verið samþykkt á Alþingi fyrr á árinu og að menntamálaráðuneyti hefði verið falið að fylgja eftir þeim aðgerðum sem þar er lagt til að ráðist verði í. Nefndin hittist á sjö fundum á tímabilinu 9. september til 9. nóvember 2009 og skilaði tillögum til ráðherra.

3. Málnefndin lagði einnig til í *Íslensku til alls* að háskólar landsins settu sér málstefnu. Vinnuhópurinn tók það efni á verkefnaskrá sína. Málið hefur verið rætt á sameiginlegum fundum mennta- og menningarmálaráðherra og rektora háskólanna en endanleg ákvörðun hafði ekki verið tekin þegar þetta var skrifað.

4. Vinnuhópurinn ræddi úrbætur í skólamállum. Fram mun fara úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis á ritunarkennslu í skólum í kjölfar úttektar á lestrarkennslu. Guðni Olgeirsson stýrir úttektinni.

5. Í *Íslensku til alls* er fundið að því að íslensk lög í forkeppi Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hérlendis væru sungin á ensku. Íslenskri málnefnd var falið að skrifa Ríkisútvarpinu bréf um málið, sbr. 6.4. Í tengslum við þá umræðu kom upp sú hugmynd að efna til samkeppni í skólum um að yrkja á íslensku. Leitað var til Samtaka móðurmálskennara og kom formaður þeirra, Sæmundur Helgason, sem jafnframt á sæti í Íslenskri málnefnd, á fund vinnuhópsins og tók vel í hugmyndina.

Sæmundur sótti fund ungmennaráðs Samfés, Samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi, þar sem m.a. voru ræddar þrjár hugmyndir sem málnefndin gæti komið að. Ein var sú að Íslensk málnefnd, Samtök móðurmálskennara og Samfés myndu verðlauna sérstaklega þá flytjendur í Söngvakeppni Samfés sem þættu flytja góðan texta, önnur að málnefndin, Samtök móðurmálskennara og Samfés myndu efna til ljóðasamkeppni í svipuðum stíl og fram fór á vegum Málnefndarinnar og samtakanna 2008 og hin þriðja að málnefndin og samtökin gætu komið að næsta Rímnaflæði sem fram fer á vegum Samfés. Þessar hugmyndir voru ræddar á septemberfundi stjórnar Íslenskrar málnefndar og var samþykkt að ræða samstarf í framtíðinni.

6. Í *Íslensku til alls* er einnig hvatt til að barnabækur verði metnar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Íslensk málnefnd tók að sér að skrifa bréf til Félags bókaútgefenda og óska eftir því að bækur fyrir börn komi til mats rétt eins og aðrar íslenskar bækur.

7. Mikilvægt atriði að mati vinnuhópsins er að orðanefndir verði eflar og þeim gert betur kleift að vinna að útgáfu orðasafna. Kemur það víða fram í *Íslensku til alls*. Ákveðið var að leita til málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um samvinnu þess og Íslenskrar málnefndar um almennan fund orðanefnda og áhugamanna um nýyrðamál. Kom Ágústa Þorbergsdóttir á fund vinnuhópsins. Fundur var haldinn í Þjóðarbókhöðu 4. desember 2009 á vegum stofnunarinnar sem ekki hafði áhuga á samvinnu við Málnefndina um þingið. Ráðuneytið studdi þingið með fjárframlagi.

8. Talsvert var rætt um íslensku í tölvuheiminum. Meðal annars var sett fram tillaga um að ráðherra skrifaði bréf til allra skóla og stofnana sem heyra undir ráðuneytið og hvetti til notkunar á íslenskum hugbúnaði. Sú tillaga var samþykkt og bréf þegar sent 2009. Mikilvægt þótti að hópur yrði settur á laggirnar sem tæki að sér að fylgjast

með framkvæmdum í kjölfar bréfs ráðherra og kynna möguleika íslenskrar tungu í tölvum landsmanna. Vinnuhópur var settur á laggirnar með bréfi dags. 18. janúar sem á að fylgja eftir stefnu um notendaviðmót á íslensku í skólum og gera áætlun um aðrar aðgerðir sem tilgreindar eru í málstefnunni um íslensku í tölvuheiminum. Fulltrúi Íslenskrar málnefndar er Haraldur Bernharðsson og varamaður hans er Sigrún Helgadóttir kerfisfræðingur.

9. Enn eitt umræðuefni vinnuhópsins beindist að því hvernig tengja mætti betur háskólasamfélagið og þá sem bjóða fram námskeið fyrir útlendinga í íslensku. Íslenskri málnefnd var falið að kanna þetta mál en niðurstöður hafa ekki fengist.

10. Vinnuhópurinn lagði til að Íslenskuskólinn á Netinu yrði endurvakinn. Sigurbjörg Jóhannesdóttir hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti sá um það mál og er það í höfn eftir því sem best er vitað.

8. Önnur verkefni

8.1 Nordterm: Tekið var fyrir erindi frá Ara Páli Kristinssyni, dagsett 13. apríl 2007, um aðild Íslands að norrænu iðorðasamtökunum Nordterm sem Íslensk málnefnd var þá aðili að. Ari spurðist fyrir um hvort Málnefndin ætlaði að vera áfram aðili að iðorðasamtökunum eða leggja til að málræktarsvið, sem nú væri orðinn hluti af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, tæki við af Málnefndinni sem fulltrúi Íslands í samtökunum. Var samþykkt að fela málræktarsviðinu þetta, meðal annars vegna breytts hlutverks Málnefndarinnar sem ekki hefur lengur formlegt hlutverk í iðorðamálum og vegna kostnaðar sem fylgir þátttöku í þessu starfi.

8.2 Málræktarþing

Árlega var staðið að málræktarþingi í tengslum við dag íslenskrar tungu. Leitast var við að velja viðfangsefni þinganna þannig að þau höfðu til almennings og að þar væru tekin til umræðu málfarefni sem væru í brennidepli hverju sinni. Þingin hafa mælst vel fyrir og verið vel sótt. Efni þinganna og fyrirlesarar voru:

2007: *Málstefna í mótun.* Erindi héldu Guðrún Kvaran, Halldóra Björt Ewen, Brynhildur Þórarinsdóttir, Björn Gíslason, Veturliði Óskarsson og Dagný Jónsdóttir. Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar, kynnti Jónasarvefinn. Viðurkenningar voru veittar fyrir íslensku í fjölmiðlum.

2008: Á degi íslenskrar tungu voru drög að íslenskri málstefnu kynnt í bæklingnum *Íslensku til alls*. Kynningu önnuðust Guðrún Kvaran og Haraldur Bernharðsson. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, veitti drögunum viðtöku og ávarpaði þingið.

2009: *Íslenska í skólum*. Erindi fluttu Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Prúður Hjelm, Sæmundur Helgason, Einar Sigurðsson, forstjóri MS, Bragi Halldórsson og Jón Torfi Jónasson. Viðurkenningar voru veittar fyrir stuðning við íslensku í skólastarfi.

Á öllum málrættarþingunum lásu upp verðlaunahafar í Stóru upplestrarkeppninni sem Málnefndin er aðili að.

Þar sem skipunartími Málnefndarinnar rennur út 31. október 2010 er ekki stefnt að málrættarþingi á hennar vegum þetta ár. Nánar má lesa um mállþingin á vef Íslenskrar málnefndar.

8.3 Nýyrðasamkeppni

Nýyrðakeppni í 5.–7. bekk grunnskóla var hleypt af stokkunum á degi íslenskar tungu 16. nóvember 2008. Íslensk málnefnd hafði frumkvæði að keppninni en ásamt Málnefndinni stóðu Námsgagnastofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Skýrslutæknifélag Íslands að keppninni. Í undirbúningshópnum voru Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Knútur Hafsteinsson frá Íslenskri málnefnd (Sigrún var jafnframt fulltrúi Skýrslutæknifélags Íslands), Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Sigrún Sóley Jökulsdóttir og Jón Guðmundsson frá Námsgagnastofnun. Sigríður Sigurjónsdóttir var formaður hópsins. Alls bárust úrlausnir frá 1763 nemendum í 82 skólum um allt land (af 176 á öllu landinu). Árið 2007 voru ríflega 13.000 nemendur í 5.–7. bekk í grunnskólum landsins og lætur því nærri að ríflega 13% nemenda hafi skilað úrlausn. Vinna við yfirferð úrlausna reyndist tímafrekari en gert var ráð fyrir í upphafi. Ætlunin var að veita þrenn verðlaun en undirbúningshópurinn ákvað að veita í staðinn átta viðurkenningar. Einn nemandi, Gréta María Halldórsdóttir 5. bekk í Varmahlíðarskóla, fékk myndavél og bók og sjö aðrir fengu eina bók hver. Þau voru: Sigfinnur Andri Marinósson 5. bekk í Varmahlíðarskóla, Halldór Kári Kristmundsson 5. X í Kópavogsskóla, Halla Hauksdóttir 6. G í Hvassaleitisskóla, Annalísa Hermannsdóttir 6. LK í Hofstaðaskóla, María Lilja Harðardóttir 7. AE í Ártúnsskóla, Guðrún Eiríksdóttir 7. AE í Ártúnsskóla, Victoría Kristín Geirsdóttir 7. bekk í Patreksskóla (Grunnskóla Vesturbyggðar). Forlagið og Skýrslutæknifélagið gáfu verðlaunabækurnar, Forlagið gaf *Íslenska orðabók* og Skýrslutæknifélagið *Tölvuorðasafn*.

8.4 Ljóðasamkeppni

Undirbúningshópur að ljóðasamkeppni á vegum Íslenskrar málnefndar og Samtaka móðurmálskennara hóf störf 2007. Þórarinn Eldjárn var í forsvari fyrir hópnum en aðrir fulltrúar Íslenskrar málnefndar voru Ingibjörg Haraldsdóttir, Úlfhildur

Dagsdóttir og Þorlákur Karlsson. Fulltrúar Samtaka móðurmálskennara voru Katrín Kristinsdóttir og Sæmundur Helgason. Ákveðið var að binda keppnina við þrjá efstu bekki grunnskóla og tengja hana aldarafmæli Steins Steinars 13. október 2008.

Undirbúningur hófst fyrir alvöru í febrúar 2008, eftir að ljóst varð að 300.000 kr. styrkur fengist úr Menningarsjóði Landsbankans. Þegar nær dró vori var útbúið veglegt veggspjald sem dreift var í alla grunnskóla landsins og eftirfarandi bréf sent skólastjórnendum og móðurmálskennurum:

Íslensk málnefnd og Samtök móðurmálskennara standa í sameiningu að ljóðasamkeppni unglunga á aldrinum 13–15 ára, þ.e.a.s. í þremur efstu bekkjum grunnskóla.

Úrslit verða tilkynnt á hundrað ára afmælisdegi ljóðskáldsins Steins Steinars, 13. október 2008. Skilafrestur er til 1. júní 2008.

Landsbanki Íslands og Forlagið eru meðal styrktaraðila keppinnar. Vegleg bókaverðlaun verða veitt fyrir þau þrjú ljóð sem dómnefnd telur best. Einnig er ætlunin að verðlaunaljóðin og úrval annarra ljóða birtist í dagblaðinu 24 stundum. Stefnt er að því að þessi ljóðasamkeppni ungmenna verði árlegur viðburður.

Aðstandendur keppinnar óska eftir því að kennarar komi upplýsingum um hana á framfæri við nemendur sína og hvetji alla til þátttöku. Ákjósanlegt gæti til dæmis verið að flétta ljóðasmíð inn í kennslustarfið, og gera yrkingar og skáldskap þannig að sjálfsögðu og eðlilegu verkefni nemenda. Von okkar er sú að kennarar viti af ungu fólki sem hneigist að ljóðagerð og hvetji þá einstaklinga sérstaklega til að vera með.

Leiðbeiningar:

Aldur: 13–15 ára (8., 9. og 10. bekkur grunnskóla).

Skiladagur: 1. júní 2008

Yrkisefni er frjálst, svo og lengd og form, en kennarar mega gjarna velja þemu til að vinna með ef þeir vilja.

Ljóð skal setja í umslag merkt „Ljóðasamkeppni“ og senda Íslenskri málnefnd, Neshaga 16, 107 Reykjavík.

Ljóðin skulu merkt með dulnefni en rétt nafn höfundar, heimilisfang, (netfang, sími), skóli og bekkur fylgi með í lokuðu umslagi merktu sama dulnefni.

F.h. undirbúningshóps

Ingibjörg Haraldsdóttir, Katrín Kristinsdóttir, Sæmundur Helgason, Úlfhildur Dagsdóttir, Þorlákur Karlsson, Þórarinn Eldjárn.“

Pátttaka varð mjög góð og bárust hátt í fjögur hundruð ljóð. Dómnefnd skipaðu Davíð A. Stefánsson, Kristín Svava Tómasdóttir og Þórarinn Eldjárn. Ákveðið var að veita viðurkenningar fyrir þrjú ljóð og hlutu þær Elín Elísabet Einarisdóttir, Borgarnesi, fyrir ljóðið Úr annarra ljóðum, Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir, Hagaskóla, fyrir ljóðið Ég elska og Guðbrandur Loki Rúnarsson, Austurbæjarskóla, fyrir ljóðið Sálmur um gerviblóm (xD). Hlutu þau vegleg bókaverðlaun en einnig vandaða penna og skrifbækur til framtíðaryrkinga.

Viðurkenningarnar voru afhentar í Þjóðarbókhöðunni á aldarafmælisdegi Steins Steinars 13. október 2008 í tengslum við athöfn þar sem ættmenni Steins og Ásthildar Björnsdóttur konu hans afhentu Landsbókasafni handrit og fleiri gögn úr búi Steins og Ásthildar.

Verðlaunaljóð Elínar Elísabetar og Guðrúnar Ingibjargar birtust í Morgunblaðinu 28. október 2008, enda hafði dagblaðið 24 stundir lagt upp laupana þegar þar var komið sögu. Guðbrandur Loki kaus að ljóð hans birtist ekki. Að auki birtust nokkur önnur ljóð úr keppninni sem dómnefndin valdi sérstaklega til þess.

Ekki var unnt að standa að ljóðasamkeppni 2009 og 2010 vegna fjárskorts Málnefndarinnar og skorts á styrktaraðilum.

8.5 Samvinna við MS

Íslensk málnefnd átti á starfstíma sínum afar góða samvinnu við MS (sem áður hét Mjólkursamsalan) eins og mörg undanfarin ár. Mestu munaði um styrki til málræktarþinganna á hverju ári. Á starfstímabilinu óskaði MS eftir samstarfi við Málnefndina um hugmyndir að næsta „Fernuflugi“. Málnefndin tilnefndi Guðrúnu Kvaran, Sigurð Konráðsson og Þórarin Eldjárn í sjö manna vinnuhóp sem hittist nokkrum sinnum og skilaði tillögum um val á orðum. Guðrún las síðan yfir textana, sem setja áti á fernurnar, og gerði athugasemdir. Verkefninu er nú lokið og nýjar fernur komnar á markað. MS leitaði til Íslenskrar málnefndar um að annast innsendar athugasemdir almennings og tillögur að nýyrðum. Málnefndin samþykkti það en óskaði eftir því við málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að það tæki við efninu, vistaði það og skráði. Var fallist á það.

8.6 Ýmsar nefndir sem fulltrúar Íslenskrar málnefndar áttu setu í

Málræktarsjóður. Samkvæmt stofnskrá Málræktarsjóðs skipar Íslensk málnefnd þrjá fulltrúa í stjórn. Þeir voru á tímabilinu: Kristján Árnason, Sigurður Konráðsson og Þóra Björk Hjartardóttir. Formaður Íslenskrar málnefndar er sjálfkrafa formaður fulltrúaráðs Málræktarsjóðs og boðar til aðalfundar.

Mannanafnanefnd: Íslensk málnefnd á fulltrúa í Mannanafnanefnd samkvæmt lögum nr. 45/1996. Baldur Sigurðsson, dósent við Kennaraháskóla Íslands, nú á menntavísindasviði Háskóla Íslands, var fulltrúi Íslenskrar málnefndar frá 2005 til

ársloka 2009. Varamaður hans var Veturliði Óskarsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, síðar á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þegar skipunartími fulltrúa í Mannanafnanefnd rann út tók Katrín Axelsdóttir, aðjunkt við Háskóla Íslands, við af Baldri til fjögurra ára, en varamaður hennar er Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, sérfræðingur á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnanefnd

Íslenskri málnefnd barst bréf frá menntamálaráðuneytinu dagsett 12. apríl 2007, þar sem óskað var eftir því að Málnefndin skipaði áheyrnarfulltrúa og varaáheyrnarfulltrúa í örnefnanefnd með tillögurétt og málfrelsi. Ákveðið var að Þórarinn Eldjárn yrði áheyrnarfulltrúi og Steinunn Stefánsdóttir varaáheyrnarfulltrúi.

Handbók um málfar og endurskoðun Stafsetningarorðabókar

Íslensk málnefnd var beðin um að tilnefna fulltrúa í ritnefndir tveggja bóka sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafði samþykkt að gefa út en voru fyrir breytingar á lögum um Málnefndina 2006 á verkefnaskrá hennar. Ákveðið var að Guðrún Kvaran yrði fulltrúi Málnefndarinnar í ritnefnd um handbók um íslensku og Haraldur Bernharðsson fulltrúi í nefnd um endurskoðun Stafsetningarorðabókarinnar. Handrit að *Handbók um málfar* er nú tilbúið og mun bókin koma út á næsta ári.

Biblíuþýðinganefnd

Árið 1990 var Íslensk málnefnd beðin um að tilnefna fulltrúa í þýðingarnefnd Gamla testamentisins. Fór hún þess á leit við Guðrúnu Kvaran að sitja í þýðingarnefndinni. Þýðingarnefndin kaus Guðrúnu formann og stýrði hún þýðingarverkinu til loka og síðar einnig þýðingu á Nýja testamentinu og yfirferð yfir apókrýfar bækur Biblíunnar. Verkinu lauk 2007 og kom ný biblíuþýðing út síðari hluta árs 2008. Guðrún hélt sem formaður þýðingarnefndanna á þriðja tug fyrirlestra um þýðingarstarfið, innanlands og erlendis, og vann að kynningu á nýrri þýðingu á ýmsum stöðum á landinu.

Verkefni um rannsókn á tökuorðum

Á fundi norrænu málnefndanna haustið 1998 var samþykkt að fela Helga Sandøy, prófessor við háskólann í Björgvin, að stýra rannsóknarverkefni um viðhorf til tökuorða, aðlögun þeirra í ræðu og riti og nýyrðasmíð. Guðrún Kvaran var beðin um að vera í stjórn þessa verkefnis fyrir hönd Íslenskrar málnefndar og sat hún í henni þar til starfi nefndarinnar lauk árið 2008. Rannsóknin er afar viðamikil og koma að henni allnokkrir fræðimenn, doktorsnemar og M.A.-nemar. Af Íslands hálfu unnu í verkefninu auk Guðrúnar Ásta Svavarsdóttir, fræðimaður á Orðabók Háskólans og síðar rannsóknardósent við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Kristján Árnason, prófessor við Háskóla Íslands, Hanna Óladóttir, aðjunkt við Háskóla Íslands, sem vann MA-ritgerð sína upp úr viðhorfskönnun, og Halldóra Björt Ewen menntaskólakennari sem einnig vann sína MA-ritgerð í tengslum við verkefnið og

notaðist við aðra viðhorfskönnun. Þær bækur sem komu út á árunum 2006 til 2010 eru:

- Bente Selback og Helge Sandøy (útg.): Fire dagar i nordiske aviser. Ei jamføring av påverknaden i ordforrådet i sju språksamfunn. 2007.
- Tore Kristiansen og Lars S. Vikør (útg.). Nordiske språkhaldningar. Ei meiningsmáling. 2006. [Kristján Árnason prófessor á grein í þessu hefti].
- Tore Kristiansen (ritstj.). Nordiske sprogholdninger. 2006. [Halldóra Björt Ewen MA menntaskólakennari á grein í þessu hefti].
- Guðrún Kvaran (ritstj.). Udenlandske eller hjemlige ord? En undersøgelse af sprogene i Norden. 2007. [Guðrún á þrjár greinar í heftinu].
- Pia Jarvad og Helge Sandøy (ritstj.). 2007. *Stuntman* og andre importord i Norden. Om udtale og bøjning. 2007. [Ásta Svavarsdóttir rannsóknardósent á grein í ritinu].
- Helge Omdal og Helge Sandøy (ritstj.). Nasjonal eller internasjonal skrivemåte? Om importord i seks nordiske språksamfunn. 2008. [Ásta Svavarsdóttir rannsóknardósent á grein í ritinu].
- Hanna Óladóttir. *Shake, sjeik* eller *mjólkurhristingur*? Islandske holdninger til engelsk språkpåvirkning. 2009.

9. Samvinna við norrænar málnefndir

Um langt árabíl hefur Íslensk málnefnd tekið þátt í samstarfi norrænna málnefnda. Í lögum um nefndina fyrir 2006 var beinlínis tekið fram að nefndin skyldi vera í samvinnu við aðrar málnefndir á Norðurlöndum. Í lögum, sem samþykkt voru 2006, stóð ekkert um norrænt samstarf en samvinnunni var þó haldið áfram með samþykki menntamálaráðuneytisins. Fjórir fundir ásamt málþingum voru haldnir á tímabilinu:

2007: Samstarfsnet norrænu málnefndanna hélt fund í Uppsölum í Svíþjóð og í framhaldi af honum var tveggja daga málþing. Þórarinn Eldjárn kynnti starf málnefndarinnar á fundi samstarfsnetsins og Haraldur Bernharðsson hélt erindi á þinginu sem síðar birtist í ritinu *Sprog i Norden*. Viðfangsefni málnefndaþingsins var nöfn og örnefni og lög um þau á Norðurlöndunum.

2008: Að þessu sinni var boðað til fundar í samstarfsneti og til málþings í Helsingjaeyri í Danmörku. Ari Páll sótti fund og málþing sem norrænn ritari og Guðrún Kvaran fyrir hönd Íslenskrar málnefndar. Guðrún kynnti starf Málnefndarinnar á liðnu ári og bæði tóku Ari og Guðrún þátt í dagskrá þingsins.

2009: Árlegur fundur í samstarfsneti norrænu málnefndanna var haldinn í Borgå í Finnlandi og málþing í framhaldi af honum. Ari Páll Kristinsson og Guðrún Kvaran

sóttu bæði netfundinn og málþingið. Guðrún kynnti að venju starf Málnefndarinnar á liðnu ári á netfundinum.

2010: Fundur í samstarfsneti málnefndanna var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum 26. ágúst. Þar kynnti Guðrún starf Íslenskrar málnefndar á liðnu ári. Árlegt málþing fór fram dagana 27.–28. ágúst og flutti Guðrún inngangserindi um kennslu í Norðurlandamálum á Íslandi, hvernig norrænni málstefnu, sem samþykkt var af menntamálaráðherrum Norðurlanda 2006, hefði verið framfylgt samkvæmt könnun 2009 og hvernig málnefndir Norðurlanda hefðu komið að eða gætu komið að framkvæmd málstefnunnar. Efni erindisins mun birtast sem grein í *Sprog i Norden* 2011.

10. Samstarf evrópskra málræktarstofnana

EFNIL eru samtök evrópskra málnefnda og málræktarstofnana sem sinna málefnum þjóðtungna Evrópuríkja. Fullgildir meðlimir geta aðeins opinberar eða opinberlega viðurkenndar málræktarstofnanir orðið sem starfa í ríkjum Evrópusambandsins. Málræktarstofnunum og/eða málnefndum fyrir þjóðtungur í öðrum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins er boðin aukaaðild. Danska, sænska og finnska málnefndin eru því fullgildir aðilar. Á aðalfundi EFNIL (European Federation of National Institutions for Language) í nóvember 2005 var samþykkt umsókn Íslenskrar málnefndar um aukaaðild að samtökunum en áður hafði Guðrúnu Kvaran verið boðið sem formanni Íslenskrar málnefndar að flytja erindið „Icelandic language policy in past, present and future“ á málþingi EFNIL í Stokkhólmi 13.–14. október 2003. Áður hafði Noregur sótt um aukaaðild.

Ari Páll Kristinsson, rannsóknaprófessor, sótti þing samtakanna í Riga 2007 og Ari Páll og Guðrún Kvaran sóttu þing í Lissabon 2008 og hélt Guðrún erindi undir heitinu „The Icelandic language in business and commerce in Iceland“. Það birtist síðar sem grein í bókinni *Language Use in Business and Commerce in Europe* sem út kom í Wiesbaden 2009. Íslensk málnefnd hefur í tvö ár ekki getað greitt aðildargjöldin vegna fjárskorts og sótti enginn því þingin 2009 og 2010. Guðrún hefur þó þýtt sameiginlegar yfirlýsingar frá fundunum yfir á íslensku en þær eru birtar árlega í ráðstefnuriti á tungumálum allra aðildarríkjanna.

11. Framtíðarsýn Íslenskrar málnefndar

11.1 Önnur staða sbr. nýju lagaskýrsluna

Með *Skýrslu nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmálsins* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, maí 2010) fylgir tillaga að frumvarpi til laga um íslenska tungu. Í 4. gr. er tekinn texti úr lögum nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um skipan málnefndar og beinlínis sagt að

eðlilegra sé að hafa ákvæði um Íslenska málnefnd í lögum um íslenska tungu. Lagt er til að nefndin starfi sjálfstætt. Yrði frumvarpið lagt fyrir Alþingi og samþykkt í meginatriðum hefði það væntanlega í för með sér fjárveitingu til handa Íslenskri málnefnd og væri það vel. Mjög brýnt er að efla fjárhagslegan grundvöll nefndarinnar til þess að hún geti þó ekki væri annað en leyst þau verkefni sem henni eru falin að lögum. Nefna má að Íslensk málnefnd, hin 15 manna nefnd, hefur starfað afar lítið vegna þess að ekki er til fjármagn til að halda fundi með öllum nefndarmönnum. Greiða þarf fyrir fundaraðstöðu, flugfargjald fyrir fulltrúa Háskólans á Akureyri og um árábil tíðkaðist að greiða örlitla þóknun fyrir fundarsetu. Stjórn málnefndarinnar hefur ekki treyst sér til að biðja nefndarmenn um vinnuframlag án greiðslu.

Eðlilegt er að virkja málnefndina til góðra verka. Fulltrúar koma af ýmsum sviðum og þyrfti að vera unnt að skipta þeim í vinnuhópa sem ynnu að mismunandi verkefnum á sviði skólamála, fjölmiðla, lista og menningar, málfars í háskólum og máltækni svo eitthvað sé nefnt. Mögulegt þyrfti að vera að kynna niðurstöður af vinnu hópanna á stuttum málþingum sem væru vel kynnt og opin almenningi.

11.2 Verkefni fram undan

Mörg verkefni bíða Íslenskrar málnefndar á næstu árum. Þar er ýmist um að ræða framhald þeirra verka sem nefnd eru hér að framan eða hugsanlega ný verkefni. Hvað verkefni varðar má varpa fram nokkrum atriðum til umhugsunar:

1. Samvinna mennta- og menningarmálaráðuneytis og Íslenskrar málnefndar um íslenska málstefnu hefur tekist mjög vel að mati málnefndarinnar. Nefndin leggur til að samvinnunni verði haldið áfram og fleiri verkefni tekin til skoðunar.
2. Mikilvægt er að heimasíða málnefndar verði verulega eflað. Upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar og jafnframt þarf síðan að vera gagnvirk að nokkru leyti. Slíkt kostar vinnu og aðgengi að tölvuþjónustu.
3. Spyrja má hvort Málnefndin skuli vera meira áberandi í daglegri umræðu um málfarsleg efni. Hún hefur á síðari árum verðlaunað gott starf í þágu tungumálsins. Nefndin hefur einnig bent á það sem betur mætti fara, sbr. söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, en betur má ef duga skal.
4. Á nefndin að beita sér meira en hingað til á sviði nýrra orða í almennu íslensku máli? Þetta verkefni var áður á verkefnaskrá málnefndarinnar en er nú í höndum málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Vel má hugsa sér að Málnefndin styðji við nýyrðastarf stofnunarinnar, t.d. með umræðufundum og hvatningu.

5. Íslensk málnefnd þarf að tengjast vinnu við aðalnámskrár sem samdar eru á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, handa leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Málnefndin gæti þar verið álitsgjafi.
6. Undir Málnefndina þarf að bera tiltekna ákvarðanir sem teknar eru í háskólum um fagmenntun þar sem íslenskt mál kemur við sögu, til dæmis menntun kennara á öllum skólastigum. Íslensk málnefnd þarf að hafa svigrúm til þess að vinna að umsögnum um mál af þessu tagi.
7. Íslensk málnefnd þyrfti að safna tölum árlega um ýmislegt sem endurspeglar notkun íslenskrar tungu. Hér má nefna fjölda þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli, fjölda þeirra sem búa á Íslandi en hafa önnur móðurmál en íslensku, tölur um kennara, einkum í leik- og grunnskóla, sem hafa annað móðurmál en íslensku, kennslustundir í íslensku í viðmiðunarstundaskrá og margt fleira.
8. Æskilegt væri að Íslensk málnefnd tæki upp samvinnu við Samtök móðurmálskennara um verkefni sem eflt gætu áhuga barna og unglinga á tungumálinu.
9. Gera þyrfti Íslenskri málnefnd kleift að taka virkari þátt í norrænu samstarfi málnefndanna um móðurmálið og um norrænan málskilning sem nú er ofarlega á verkefnalista þeirra. Sömuleiðis er mikilvægt að málnefndin geti tekið þátt í samstarfi evrópskra málnefnda og móðurmálsstofnana (EFNIL, sjá hér að framan) þar sem hún getur lagt ýmislegt til málanna en einnig lært af öðrum

Þetta eru aðeins nokkur af þeim verkefnum sem gætu bæst við verkefnaskrá Íslenskrar málnefndar á komandi árum.

Reykjavík, 28. október 2010

f.h. Íslenskrar málnefndar

Guðrún Kvaran
formaður